



Reykjavík gegn ofbeldi

Átaksverkefni Reykjavíkurborgar í samvinnu við
Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu

Greinargerð, tillögur og kostnaðaráætlun
dags. 15. október 2014



Reykjavík gegn heimilisofbeldi

Átaksverkefni Reykjavíkurborgar í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu

A. ÁTAKSVERKEFNI REYKJAVÍKURBORGAR	3
1. <i>Inngangur</i>	3
2. <i>Skilgreining á heimilisofbeldi. Umfang verkefnisins</i>	3
2.1. Hugtakið heimilisofbeldi	3
2.2. Tölfræði	4
3. <i>Átaksverkefni gegn heimilisofbeldi á Suðurnesjum</i>	5
3.1. Aðdragandi og markmið	5
3.2. Vinnuferli og verklag	6
3.3. Árangur	6
4. <i>Núverandi verklag í málaflökkinum</i>	7
4.1. Heimilisofbeldi er tilkynnt til lögreglu.....	7
4.2. Eftirfylgni mála þegar barn er á heimili eða skráð á heimili.....	8
4.3. Úrræði og þjónusta velferðarþjónustunnar í Reykjavík.....	8
4.4. Skimun eftir ofbeldi í velferðarþjónustu Reykjavíkur.....	9
4.5. Skráning mála.....	10
5. <i>Þekkingarmiðlun</i>	10
5.1. Fræðsla fyrir starfsfólk um heimilisofbeldi	10
5.2. Fræðsla til almennings um heimilisofbeldi	11
6. <i>Konur af erlendum uppruna</i>	12
6.1. Tölfræði	12
6.2. Staða kvenna af erlendum uppruna sem verða fyrir ofbeldi.....	12
6.3. Þjónusta Reykjavíkurborgar við konur af erlendum uppruna	13
6.4. Þörf á úrbótum vegna stöðu erlendra kvenna	13
7. <i>Fatlaðar konur</i>	14
7.1. Fatlaðar konur eru líklegri en aðrir hópar í samfélaginu til að verða fyrir ofbeldi....	14
7.2. Skert aðgengi að stuðningi og fræðslu	15
7.3. Fatlaðar konur búa oft á heimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg	15
B. ÁTAK GEGN OFBELDI Í REYKJAVÍK	16
1. <i>Markmið verkefnisins</i>	16
2. <i>Ávinningur af verkefninu</i>	16
3. <i>Tillögur að aðgerðum</i>	16
3.1. Aukið samstarf.....	17

3.2.	Betri þjónusta	19
3.3.	Bætt verklag.....	20
3.4.	Þekkingarmiðlun.....	21
3.5.	Sérstakar aðgerðir vegna stöðu erlendra kvenna.....	23
3.6.	Sérstakar aðgerðir vegna stöðu fatlaðra kvenna.....	25
3.7.	Stjórn verkefnisins	26

A. ÁTAKSVERKEFNI REYKJAVÍKURBORGAR

1. Inngangur

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkti þann 1. apríl 2014 að beita sér fyrir átaki gegn heimilisofbeldi. Samkvæmt tillögunni skal leita eftir samstarfi við sveitarfélög og Lögreglustjórnann á höfuðborgarsvæðinu, lögregluskólann og grasrótar- og stuðningsamtök til að stuðla að auknu samstarfi, þekkingarmiðlun og bættu verklagi í heimilisofbeldismálum. Sérstaklega skal horfa til þess árangurs sem náðst hefur á Suðurnesjum. Einnig var samþykkt viðaukatillaga um að skoða skuli sérstaklega hvernig best sé að aðstoða fatlaðar konur og konur af erlendum uppruna sem verða fyrir ofbeldi. Borgarstjórn lagði fram bókun um að Reykjavíkurborg væri reiðubúin til að kanna og innleiða allar þær aðferðir sem stuðlað geta að friðsælli borg og auknu öryggi borgarbúa. Var borgarráði falið að vísa tillögunum til viðeigandi stofnana til að gera verk- og kostnaðaráætlun¹. Borgarráð fól mannréttindaskrifstofu Reykjavíkurborgar að leggja grunn að verkefninu og halda utan um framkvæmd þess.

Við undirbúning verkefnisins héldu fulltrúar mannréttindaskrifstofu fund með fulltrúum Lögreglustjórnans á Suðurnesjum og fulltrúum frá fjölskyldu og félagssviði Reykjanesbæjar. Þá hafa fulltrúar mannréttindaskrifstofu fundað með Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Einnig var fundað með starfskonu Kvennaathvarfs og ráðgjöfum mannréttindaskrifstofu fyrir borgara af erlendum uppruna. Vegna þess hluta samþykktarinnar sem snéri að ofbeldi gegn fötluðum konum var fundað með sérfræðingi Stígamóta í kynferðisofbeldismálum fatlaðs fólks, Freyju Haraldsdóttur og Emblu Ágústsdóttur sem vinna að Evrópurannsókni um ofbeldi gegn fötluðu fólki og ráðgjöfum mannréttindaskrifstofu fyrir borgara af erlendum uppruna. Einnig var fundað með fulltrúum þjónustumiðstöðvar Laugardals, Háaleitis og Bústaða.

Settur var á fót starfshópur sem hafði það verkefni að vinna tillögur að aðgerðum vegna átaksins. Fulltrúar mannréttindaskrifstofu í starfshópnum voru Anna Kristinsdóttir, mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar, Ásthildur Valtýsdóttir, verkefnisstjóri og Halldóra Gunnarsdóttir, sérfræðingur í jafnréttismálum. Fulltrúar velferðarsviðs voru Ella Kristín Karlsdóttir, deildarstjóri þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri. Fulltrúar Barnaverndar voru Halldóra Dröfn Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur og Reynir Harðarson, sálfræðingur.

2. Skilgreining á heimilisofbeldi. Umfang verkefnisins

2.1. Hugtakið heimilisofbeldi

Ekki er til ein algild skilgreining á hugtakinu heimilisofbeldi. Samkvæmt íslenskri orðabók merkir heimilisofbeldi „ofbeldi sem á sér stað inni á heimili, innan fjölskyldu“². Í verklagsreglum ríkislögreglustjóra um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála frá árinu 2005 er með heimilisofbeldi átt við þegar gerandi og þolandi ofbeldis eru nákomnir, þ.e.

¹ Samþykkt borgarráðs 1. apríl 2014.

² Íslensk orðabók, 2014.

skyldir eða tengdir, og rannsókn beinist á brotum á tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga. Til skyldra og tengdra í þessu sambandi teljast meðal annars núverandi eða fyrrverandi maki, hvort sem um er að ræða hjón eða sambúðarfólk, börn, systkini og foreldrar eða forráðamenn, afar og ömmur og systkini foreldra. Heimilisofbeldi eru brot framin innan veggja heimilis eða á öðrum stað þar sem skyldir og tengdir dvelja eða hittast fyrir, sbr. 3. gr. verklagsreglnanna³. Það er því ekki skilyrði þess að tilvik falli undir hugtakið að ofbeldi eigi sér stað innan veggja heimilis heldur getur ofbeldið átt sér stað hvar sem er.

Í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum, sem samþykkt var í borgarstjórn 19. júní 2012, er hugtakið ofbeldi nálgast með víðtækum hætti. Í inngangi að aðgerðaráætluninni er tekið fram að kynbundið ofbeldi geti átt sér margar og mismunandi birtingarmyndir. Ofbeldið geti verið líkamlegt og falist m.a. í barsmíðum, en það geti einnig verið andlegt og birtist þá í því að viðkomandi er sýnd lítilsvirðing, höfnun, niðurlægning og/eða er hótað. Kynferðislegt ofbeldi og áreitni er einnig tiltekin sem ein tegund kynbundins ofbeldis⁴. Skilgreining Reykjavíkurborgar á hugtakinu heimilisofbeldi tekur til alls ofbeldis, bæði andlegs og líkamlegs, sem á sér stað á meðal skyldra og tengdra, óháð því hvar ofbeldið á sér stað.

Undir átaksverkefni Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi fellur allt það ofbeldi sem á sér stað á milli tengdra og skyldra. Ekki eru þó gerðar tillögur um sérstakar aðgerðir vegna ofbeldis gegn börnum þar sem ráðist var í nauðsynlegar aðgerðir vegna þeirra mála árið 2012. Þá telur Barnavernd Reykjavíkur ekki þörf á sérstökum aðgerðum vegna þeirra ofbeldismála þar sem börn eru gerendur. Því miðar stærstur hluti aðgerðanna að því að bæta þjónustu, verklag og þekkingu starfsfólks Reykjavíkurborgar sem vinnur með þolendum og gerendum ofbeldis.

2.2. Tölfræði

Tilkynningar um heimilisófrið sem berast lögreglu eru flokkaðar eftir eðli málanna, annars vegar í ágreining⁵ og hins vegar í heimilisofbeldi⁶. Árið 2012 bárust Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu 618 tilkynningar um heimilisófrið í Reykjavík en þar af voru 457 mál skilgreind sem ágreiningur og 161 mál sem ofbeldismál. Á árinu 2013 bárust 593 tilkynningar en af þeim voru 438 mál skilgreind sem ágreiningur og 155 mál sem ofbeldi. Á fyrstu 6 mánuðum ársins 2014 höfðu 331 atvik verið tilkynnt, þar af voru 244 tilvik skilgreind sem ágreiningur og 87 tilvik sem ofbeldi. Ekki eru til sérgreindar upplýsingar um fjölda mála þar sem börn eru gerendur eða þolendur ofbeldis. Þá eru upplýsingar ekki sérgreindar eftir þjóðerni eða uppruna borgara né hvort ofbeldi beinist að fötluðum einstaklingi.

Framkvæmd velferðarþjónustu Reykjavíkurborgar fer fram á sex þjónustumiðstöðvum í hverfum borgarinnar, sem og hjá Barnavernd Reykjavíkur og Heimaþjónustu Reykjavíkur. Einstaklingar leita til þjónustumiðstöðvar í sínu hverfi. Greining á tilkynningum til Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu (LRH) á árinu 2013 eftir hverfum Reykjavíkur sýnir að flest útköll lögreglu bárust frá Breiðholti, eða 171 tilkynning, og þar af voru 42 mál skilgreind sem ofbeldi. Þar á eftir kemur Grafarvogur með 71 tilkynningu en þar af voru 22 tilkynningar skilgreindar sem ofbeldi. Fæstar tilkynningar bárust frá Kjalarnesi eða 5 tilkynningar sem

³ Verklagsreglur um meðferð og skráningu heimilisofbeldismála. Ríkislögreglustjórn, 2005.

⁴ Aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Samþykkt í borgarstjórn 19. júní 2012.

⁵ Samkvæmt 2. mgr. 4. gr. verklagsreglnanna skal færa mál í málaskrá undir verkefnaflokkinn ágreiningur ef lögreglan er kölluð á heimili eða á annan stað þar sem ágreiningur er á milli skyldra og tengdra, en ekki er grunur um brot á tilgreindum ákvæðum almennra hegningarlaga.

⁶ Sjá skilgreiningu lögreglu á heimilisofbeldi, sbr. kafla 2.1.

allar voru skilgreindar sem ágreiningur⁷. Árið 2014 voru 20.960 borgarbúar með lögheimili skráð í Breiðholti og 342 borgarbúar með lögheimili á Kjalarnesi.

Samkvæmt upplýsingum úr skráningakerfi Barnaverndar Reykjavíkur bárust, á tímabilinu janúar til ágústloka 2014, tilkynningar um átök á heimilum 69 barna en þar af voru tilkynningar frá lögreglu vegna 54 barna. Í 9 tilvikum óskaði lögregla ekki eftir starfsmanni á vettvang heldur sendi tilkynningu eftir að vettvangskönnun var lokið. Í tilvikum 9 barna átti lögregla á vettvangi símtal við starfsmenn Barnaverndar en ekki þótti ástæða til að starfsmaður kæmi á heimilið á þeirri stundu. Starfsmenn fóru með lögreglu á heimili 24 barna og alls var 21 barni boðin sálfræðileg áfallaðstoð sálfræðinga Barnaverndar Reykjavíkur. Horft er til aldurs barna þegar metin er þörf á sálfræðiaðstoð og er það ástæða þess að ekki öllum börnum sem upplifa ofbeldi er boðin sálfræðiaðstoð. Foreldrum 7 barna voru send bréf með leiðbeiningum um hvert þau gætu leitað eftir stuðningi og þjónustu en mál þeirra voru metin með þeim hætti að ekki væri tilefni til ihlutunar á grundvelli barnaverndarlaga. Eftir að tilraunaverkefni Barnaverndarstofu og LHR lauk 2013 hófu sálfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur að bjóða börnum sem hafa orðið fyrir eða orðið vitni að heimilisofbeldi viðtöl. Frá júlí 2013 til september 2014 voru þetta 50 mál en 77 börn komu við sögu. Í sumum tilvikum voru börnin of ung til að geta nýtt sér viðtöl og var þá var foreldrum boðið viðtöl. Foreldrum var frjálst að hafna viðtali fyrir sig og sín börn.

3. Átaksverkefni gegn heimilisofbeldi á Suðurnesjum

3.1. Aðdragandi og markmið

Þann 1. febrúar 2013 hóf Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum og fjölskyldu- og félagsþjónusta Reykjanesbæjar tilraunaverkefni til eins árs í samstarfi við félagsþjónustu Grindavíkur, Sandgerðis og Voga. Verkefnið bar yfirskriftina „*Að halda glugganum opnum*“. Aðdragandi verkefnisins var sá að við yfirferð á heimilisofbeldismálum hjá Embætti lögreglustjórans á Suðurnesjum kom í ljós ósamræmi í afgreiðslu heimilisofbeldismála. Ljóst var að fá heimilisofbeldismál fengu framgöngu innan réttarkerfisins og að rannsókn málanna var ábótavant. Úrræði laga nr. 85/2011 um nálgunarbann og brottvísun af heimili voru afar lítið nýtt og stuðning skorti fyrir þolendur og eftir atvikum gerendur. Að mati embættisins var málaflakkurinn *heimilisofbeldi* ekki litinn nægilega alvarlegum augum í samfélaginu og þörf væri á viðhorfsbreytingu. Í kjölfarið var ákveðið að taka heimilisofbeldismál nýjum og fastari tókum og leggja sérstaka áherslu á rannsókn þessara mála.

Haustið 2011 var stofnaður starfshópur á vegum Suðurnesjavaktarinnar, sem er samráðsvettvangur sveitarfélaga á Suðurnesjum á sviði velferðarmála, til að vinna að sérstöku árvekniverkefni sem miðaði að því að fyrirbyggja ofbeldi gegn konum og gera aðgerðaáætlun gegn heimilisofbeldi á Suðurnesjum. Starfshópurinn efndi til málþings árið 2012 fyrir fagfólk á Suðurnesjum þar sem markmiðið var að fræða fagfólk um málefni sem tengjast ofbeldi gegn konum. Þá gaf Suðurnesjavaktin út bækling (2013) um úrræði fyrir þolendur og gerendur varðandi heimilisofbeldi og var bæklingnum dreift í öll hús á Suðurnesjum. Eitt af markmiðum aðgerðaáætlunar gegn heimilisofbeldi á Suðurnesjum var að efla samstarf lykilaðila í málaflakkinum s.s. lögreglu, félagsþjónustu og heilsugæslu.

Markmið félagsþjónustunnar á Suðurnesjum með tilraunaverkefninu var að senda skýr skilaboð til samfélagsins um að ofbeldi á heimilum yrði ekki liðið, ásamt því að veita

⁷ Upplýsingar frá Lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, júlí 2014.

þolendum heimilisofbeldis betri þjónustu sem og að veita geranda þjónustu eða ráðgjöf. Markmið Lögreglunnar á Suðurnesjum var að bæta rannsóknir í málum sem varða heimilisofbeldi með markvissari fyrstu viðbrögðum lögreglu, fækka ítrekunarbrotum, efla tölfræði, aðstoða þolendur og gerendur markvisst, nýta betur úrræði um nálgunarbann og brottvísun af heimili og ná fleiri málum í gegnum refsivörslukerfið⁸.

3.2. Vinnuferli og verklag

Samkvæmt verklagi sem notað var í Suðurnesjaverkefninu skal lögregla kalla til starfsmann félagsþjónustu/Barnaverndar hvenær sem tilkynning berst um heimilisofbeldi og barn er á heimili eða skráð á heimili. Ef barn er ekki á heimili eða skráð á heimili verður að spyrja þolanda hvort kalla megji til ráðgjafa. Samkvæmt upplýsingum frá Suðurnesjum fór félagsráðgjafi á staðinn í 43 málum af 56 árið 2013. Hlutverk starfsmanns félagsþjónustunnar er að ræða við þolanda og eftir atvikum geranda. Starfsmaðurinn veitir þolandanum fyrstu aðstoð t.d. með því að fara með viðkomandi til lækni ásamt því að hlúa að börnum ef þau eru til staðar. Lögreglan leggur áherslu á rannsókn málsins á vettvangi, framkvæmir áhættumat og tekur afstöðu til þess hvort rétt sé að beita úrræðum laga um nálgunarbann og brottvísun af heimili.

Næsta virka dag eftir útkallið er málinu úthlutað til starfsmanns félagsþjónustu. Ef barn er í fjölskyldu er málinu vísað til Barnaverndar til áframhaldandi vinnslu en annars tekur starfsmaður í ráðgjafardeild við málinu. Starfsmaður Barnaverndar/ráðgjafardeildar hefur síðan samband við þolandann innan þriggja daga frá því ofbeldið átti sér stað. Einnig er haft samband við geranda og er honum boðið að koma í viðtal. Lögreglan og starfsmaður félagsþjónustu fara svo á heimili þolanda innan viku frá því að tilkynnt var um heimilisofbeldið. Fyrirkomulagið auðveldar lögreglu að leggja alla sína áherslu á rannsókn málsins og að þolandi fái strax þann stuðning og ráðgjöf sem þörf er á. Þá sendir það þau skilaboð að tekið sé á þessum málum af alvöru.

3.3. Árangur

Á fundi með lykilaðilum Suðurnesjaverkefnisins kom fram að bæði lögreglan og félagsþjónustan í Reykjanesbæ töldu að átakið hefði skilað þeim betri yfirsýn og aukinni vitund starfsfólks um málaflokkinn. Þá hafi áhersla á málaflokkinn skilað betra verklagi og virkari samvinnu þeirra opinberu aðila sem koma að heimilisofbeldismálum. Eins hefði skapast umræða, t.d. í fjölmiðlum, í tengslum við verkefnið og hafi það aukið vitund fólks um einkenni heimilisofbeldis og afleiðingar þess. Að auki hefði með verkefninu verið send þau skilaboð að heimilisofbeldi yrði ekki tekið vægum tókum og að þolendur og gerendur, gætu fengið aðstoð.

Tilkynningar til lögreglu vegna heimilisofbeldis meira en þrefölduðust frá árinu 2010 til 2013 og fóru frá því að vera 18 mál árið 2010 yfir í að vera 56 mál árið 2013. Flestar tilkynningar voru vegna ofbeldis í nánnum samböndum en 13 mál voru vegna sambýlisfólks, 6 vegna fyrrverandi sambýlisfólks, 2 vegna hjóna, 2 vegna para og 1 vegna barnsföðurs brotaþola. Því næst komu tilkynningar um ofbeldi á milli skyldra aðila en þar af vörðuðu 16 mál foreldra og börn, 2 systkini, og í einu máli beitti mágur ofbeldi. Flest tilvik áttu sér stað á

⁸ Lögreglustjórinn á Suðurnesjum (2014). Skýrsla: Tilraunaverkefni Lögreglunnar á Suðurnesjum og félagsþjónustunnar í heimilisofbeldismálum: „Að halda glugganum opnum“.

heimili beggja aðila eða 31 mál af 55. Flestar tilkynningarnar voru vegna minniháttar líkamsárásar, sbr. ákvæði 217. gr. almennra hegningarlaga.

Barnaverndartilkynningum vegna heimilisofbeldis fjölgaði einnig úr 36 árið 2012 í 58 árið 2013. Ein skýring á fjölgun barnaverndartilkynninga er tilraunaverkefnið og breytt vinnubrögð lögreglu og félagsþjónustu⁹.

Lögreglan á Suðurnesjum taldi að rekja mætti aukna tíðni tilkynninga um heimilisofbeldi til betri skráningar mála, aukinnar vitundar um málaflokkinn og meiri trú á getu og vilja stjórnvalda til þess að taka á heimilisofbeldismálum og veita þolendum viðeigandi aðstoð.

Þá hefur bætt verklag í málaflokkinum leitt til þess að fleiri mál hafa verið send til afgreiðslu hjá lögfræðisviði og unnt hefur verið að að beita oftar úrræðum laga um brottvísun af heimili og nálgunarbann.

Starfskona Kvænnaathvarfsins sagði að verkefnið hefði leitt til þess að færri konur frá Suðurnesjum hefðu leitað til athvarfsins í dvöl. Þá hafa fleiri gerendur af Suðurnesjum leitað aðstoðar og nýtt sér meðferðarúrræðið *Karlar til ábyrgðar* eftir að átakið hófst.

4. Núverandi verklag í málaflokkinum

4.1. Heimilisofbeldi er tilkynnt til lögreglu

a. Barn er á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt til lögreglu

Samkvæmt 1. mgr. 16. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 er öllum skylt að tilkynna til barnaverndarnefndar ef þeir hafa ástæðu til að ætla að barn búi við óviðunandi uppeldisaðstæður, verði fyrir ofbeldi eða annarri vanvirðandi háttsemi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Tilkynningaskylda lögreglu er ítrekuð í 1. mgr. 18. gr. sömu laga.

Hluti af aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum var að vinna kynningarefni fyrir þá sem vinna með börnum og ungmönnum um mikilvægi tilkynningar- og lagaskyldu vegna ofbeldis gegn börnum. Slík tilkynningaskylda gildir einnig þegar grunur er um að barn búi við heimilisaðstæður þar sem ofbeldi er beitt. Unnar hafa verið verklagsreglur um tilkynningar frá starfsstöðum Reykjavíkurborgar vegna slíkra mála.

Ef tilkynning frá lögreglu berst um heimilisofbeldi og börn eru á heimili er atvikið tilkynnt til Barnaverndar Reykjavíkur sem sendir fulltrúa sinn á vettvang ef þess er talin þörf. Hlutverk starfsmanns Barnaverndar er að ganga úr skugga um að öryggi barnsins sé tryggt. Stundum verður barnið áfram á heimili ásamt forsjáraðila. Í öðrum tilfellum er barnið á öðru heimili eða í húsnæði á vegum Barnaverndar og þá ýmist ásamt forsjáraðila eða öðrum fjölskyldumeðlim. Stundum er ákveðið að ekki sé þörf á því að starfsmaður Barnaverndar komi á staðinn. Dæmi um slíkt gæti verið að börn séu sofandi og aðstæður hafi róast þegar lögregla kemur á vettvang.

Ef barn er skráð á heimili en er ekki viðstatt þegar ofbeldi á sér stað á lögreglan að tilkynna það til Barnaverndar en í slíkum tilfellum kemur fulltrúi ekki á staðinn. Tilkynning lögreglu til Barnaverndar er þá send eftir á, þ.e. ekki er haft samband við Barnavernd á vettvangi. Stundum gleymist að skrá börn í bókun lögreglu ef þau eru ekki á staðnum en eiga þó lögheimili þar. Ef það gerist getur farist fyrir að senda út barnaverndartilkynningu.

⁹ Lögreglustjórnin á Suðurnesjum (2014). Skýrsla: Tilraunaverkefni Lögreglunnar á Suðurnesjum og félagsþjónustunnar í heimilisofbeldismálum: „Að halda glugganum opnum“.

Barnavernd metur tilkynningu lögreglu út frá atvikalýsingu og tekin er ákvörðun um íhlutun á grundvelli barnaverndarlaga eða lok máls með því að foreldrum verði sent bréf með leiðbeiningum um mögulegan stuðning eða þjónustu fyrir sig eða börnin hjá þjónustumiðstöð, Kvænnaathvarfi eða Fjölskyldumiðstöð svo dæmi séu tekin.

b. Barn er hvorki á heimili né skráð til heimilis þegar ofbeldi er tilkynnt til lögreglu

Í dag hlýtur þolandi og eftir atvikum gerandi aðstoð Lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu á vettvangi en hvorki félagsþjónustan, né eðli málsins samkvæmt Barnavernd, hafa nokkra aðkomu að málinu. Lögreglan fylgir þolendum í Kvænnaathvarfið ef þess er þörf en starfsfólk Kvænnaathvarfsins bendir skjólstæðingum sínum oft á hafa samband við ráðgjafa þjónustumiðstöðva til að kanna rétt sinn til fjárhagsaðstoðar eða fá aðstoð við að finna húsnæði.

4.2. Eftirfylgni mála þegar barn er á heimili eða skráð á heimili

Ef barn er á heimili þegar ofbeldi er tilkynnt er málum fylgt eftir með þeim hætti að sálfræðingar Barnaverndar Reykjavíkur hafa samband við forráðamann eins fljótt og auðið er. Reynt er að hafa samband innan 48 tíma. Í öllum tilvikum er boðið upp á viðtal fyrir börnin.

Tilkynning lögreglu er tekin fyrir á úthlutunarfundi og ef talið er að málið krefjist athugunar fer það í svokallaða könnun og þá er rætt frekar við forráðamenn, skóla, félagsþjónustu, BUGL¹⁰ o.s.frv. Könnun getur leitt til þess að málið er látið niður falla eða til þess að það er tekið til meðferðar Barnaverndar með skriflegri áætlun samkvæmt barnaverndarlögum.

Félagsráðgjafar á þjónustumiðstöðvum, fá ekki tilkynningu um ofbeldi frá lögreglu, og geta því ekki fylgt málum eftir nema þá í þeim tilfellum þegar þolandi leitar eftir aðstoð á þjónustumiðstöðvum.

4.3. Úrræði og þjónusta velferðarþjónustunnar í Reykjavík

Velferðarþjónustan hefur ýmis úrræði fyrir einstaklinga yfir 18 ára aldri sem beittir hafa verið heimilisofbeldi. Aðstoð sem veitt er getur verið aðstoð við að finna húsnæði, hvort heldur er húsnæði á vegum sveitarfélagsins, á almennum markaði eða hjá félagasamtökum auk fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Ennfremur bjóðast einstaklingum viðtöl hjá félagsráðgjöfum sem jafnframt geta aðstoðað þá við að sækja um sérfræðiaðstoð hjá sálfræðingum/geðlæknum á grundvelli reglna Reykjavíkurborgar um fjárhagsaðstoð. Um er að ræða styrk kr. 55.000 sem hugsaður er sem niðurgreiðsla fyrir sérfræðiviðtöl.

Konur, sem eru jafnframt þolendur ofbeldis, geta leitað til Kvænnaathvarfsins og er sá kostnaður sem fylgir dvölinni þar greiddur af Reykjavíkurborg að því gefnu að þolandi uppfylli skilyrði reglna um fjárhagsaðstoð. Ekkert neyðarþjónuúrræði er fyrir karlkyns þolendur ofbeldis í nánnum samböndum sem eru yfir 18 ára aldri. Velferðarþjónustan hefur einnig greitt fyrir meðferð karlkyns gerenda í *Karlar til ábyrgðar* sem er sérstakt meðferðarúrræði fyrir karlmenn sem beita ofbeldi ef gerandi uppfyllir skilyrði reglna um fjárhagsaðstoð. Frá vormánuðum 2014 hefur einnig verið boðið upp á slíkt meðferðarúrræði fyrir kvenkyns gerendur.

¹⁰ Barna- og unglingsgeðdeild Landspítala-Háskólasjúkrahúss.

Velferðarþjónustan býður öllum þeim sem þess óska upp á félagslega ráðgjöf hjá ráðgjafa þjónustumiðstöðvar, óháð efnahag. Í þessum viðtölum getur ráðgjafi bent á ýmis tiltæk úrræði fyrir þolendur og gerendur ofbeldis, s.s. *Stígamót*, *Kvennaathvarf*, *Drekaflóð*, *Geðheilsustöð Breiðholts* og *Karlar til ábyrgðar*. Ef þolandi óskar eftirfylgni er komið til móts við það. Þjónustumiðstöðvar hafa skilgreint 6 mánaða eftirfylgd frá félagsráðgjafa.

Í viðtali við starfsmann Kvennaathvarfs kom fram að löng bið væri oft eftir viðtali við ráðgjafa en að málum væri oft þannig háttáð að þolandi hefði mikla þörf fyrir skjóta málsmeðferð. Þá benti starfsmaður Kvennaathvarfs og ráðgjafar mannréttindaskrifstofu við innflytjendur á að ósamræmi gætti í þeirri þjónustu sem þolendur fengju hjá ráðgjöfum þjónustumiðstöðva. Sumir félagsráðgjafar sinntu þessum málum af fullum krafti og leituðu allra leiða til að aðstoða þolandann á meðan aðrir sinntu málum illa. Bæði starfsmaður Kvennaathvarfs og ráðgjafar mannréttindaskrifstofu sögðu að stundum vantaði upp á að þolendum væri kynntur réttur sinn til aðstoðar, að sótt væri um undanþágu frá skilyrðum aðstoðar til áfrýjunarnefndar velferðarráðs og að þolendur fengju aðstoð við að kæra synjun um fjárhagsaðstoð til úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála.

Ráðgjafar mannréttindaskrifstofu bentu á að reglur um fjárhagsaðstoð væru ósveigjanlegar og að það leiddi til þess að sumir þolendur ofbeldis í nánnum samböndum ættu ekki rétt á aðstoð þrátt fyrir mikla þörf. Sem dæmi má nefna að sumir einstaklingar uppfylla ekki skilyrði fjárhagsaðstoðar vegna þess að fjárhagsleg staða þeirra er tengd við tekjur maka. Af því gæti leitt að þolandi ofbeldis fái ekki nauðsynlega aðstoð fyrr en sýslumaður hefur gefið leyfi fyrir skilnaði að borði og sæng en sýslumaður getur ekki veitt slíkt leyfi ef annar makinn er því andvígur. Staðan getur því orðið sú að þolandi geti ekki slitið ofbeldissambandinu og flutt lögheimili sitt í annað húsnæði þar sem sá maki, sem ofbeldinu beitir, neitar að gefa samþykki sitt fyrir skilnaði. Í tilviki sambúðarfólks sem á saman börn þá þarf að ganga frá forsjá barna áður en unnt er að breyta lögheimilisskráningu.

4.4. Skimun eftir ofbeldi í velferðarþjónustu Reykjavíkur

Skimun eftir heimilisofbeldi gerir starfsmönnum velferðarþjónustunnar kleift að bera kennsl á slík mál og bjóða viðeigandi aðstoð. Í rannsókninni *Ofbeldi gegn konum: Viðbrögð félagsþjónustu og Barnaverndar* sem Rannsóknarsetur í barna- og fjölskylduvernd vann fyrir félags- og tryggingamálaráðuneytið í október 2009, kemur fram að konur sem beittar eru heimilisofbeldi leiti fyrst og fremst til félagsþjónustunnar til að fá ráð og aðstoð við hagnýt vandamál eins og rétt til fjárhagsaðstoðar, húsnæðis eða húsaleigubóta. Upplýsingar um ofbeldi komi síðan fram eftir að traust hefur myndast á milli starfsmanns og konunnar. Kvennaathvarfið vísar einnig konum, sem leita til athvarfsins, til þjónustumiðstöðva velferðarsviðs til að fá ráðgjöf eða kanna rétt sinn til fjárhagsaðstoðar.

Með því að skima reglubundið eftir heimilisofbeldi er unnt að grípa fyrr inn í mál og veita þolendum betri þjónustu sem miðuð er að því að aðstoða viðkomandi við að glíma við vandamálið. Einn þáttur í aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum, sem samþykkt var í borgarstjórn 19. júní 2012, var skimun eftir ofbeldi eða vitnum að ofbeldi í velferðarþjónustu. Samkvæmt áætluninni átti skimun að hefjast á öllum þjónustumiðstöðvum í síðasta lagi 2013. Allar þjónustumiðstöðvar hafa einhvern hátt á því að skima eftir ofbeldi en þó á ólíka vegu. Stuðst er við gátlista við skimun.

4.5. Skráning mála

Skráning og greining mála sem varða heimilisofbeldi er undirstaða þekkingar á málaflokkinum. Barnavernd Reykjavíkur skráir sérstaklega fjölda tilkynninga sem varða heimilisofbeldi og vinnur úr þeim tölfræðilegar upplýsingar. Notast er við skilgreiningar og flokkunarkerfi í barnavernd sem kallað er SOF. Mál þeirra barna sem eru vitni að ofbeldi, hvort sem er gagnvart nákomnum eða öðrum, eru skilgreind sem tilfinningalegt sálrænt ofbeldi. Þau mál sem varða ofbeldi á heimili barnsins eða milli nákominna (móður, föður, stjúpfóreltra, systkina) eru þá skilgreind sérstaklega sem heimilisofbeldi.

Á þjónustumiðstöðvum velferðarsviðs eru mál sem varða heimilisofbeldi ekki skráð á markvissan hátt. Mál eru skráð í dagál og er starfsfólk hvatt til að halda skrá yfir „sín mál“. Erfitt er hins vegar að halda nákvæma skráningu um heimilisofbeldi þar sem málaskrárkerfi þjónustumiðstöðva býður ekki upp á þann möguleika. Upplýsingar um ofbeldi er aðeins að finna í dagálum og ekki er hægt að kalla þær fram á einfaldan hátt. Því er erfitt að átta sig á fjölda þolenda/gerenda heimilisofbeldis sem leita þjónustu hjá þjónustumiðstöðvum. Ekki er unnin tölfræði um málaflokkinn.

5. Þekkingarmiðlun

5.1. Fræðsla fyrir starfsfólk um heimilisofbeldi

Í samræmi við aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá september 2006 um ofbeldi gegn konum gaf velferðarráðuneytið út fræðslurit um ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum. Fræðsluritin eru fimm talsins. Eitt þeirra fjallar á almennan hátt um ýmsar staðreyndir varðandi ofbeldi gegn konum í nánnum samböndum, rannsóknir sem gerðar hafa verið, birtingarmyndir ofbeldisins og afleiðingar þess. Þetta rit er einkum ætlað til kennslu. Hin ritin fjögur eru skrifuð með það að markmiði að nýtast tilteknum stéttum í starfi. Ritin eru samsett þannig að í þeim er áður nefnt efni sem ætlað er til kennslu, auk efnis fyrir starfsfólk félagsþjónustu, heilbrigðisstéttir, ljósmæður og lögreglu. Ritin eru aðgengileg á vefsvæði velferðarráðuneytisins.

Undanfarin ár hefur fræðsla um ofbeldi og afleiðingar verið á fræðsluáætlun velferðarsviðs og hafa verið fengnir ýmsir sérfræðingar til að sinna fræðslunni. Ein þjónustumiðstöð hefur t.d. nýverið verið með fræðsludaga sem báru yfirskriftina „Í dagsins önn“ þar sem horft var sérstaklega til ofbeldis á börnum, heimilisofbeldis og ofbeldis gegn öldruðum. Mikilvægt er að þessi fræðsla sé reglubundin vegna nýliðunar í ráðgjafahópnum. Þá er einnig mikilvægt að starfsfólk Reykjavíkurborgar, sem hefur aðkomu að heimilisofbeldismálum, fái fræðslu um starfshætti annarra stétta sem vinna að málaflokkinum og þau úrræði sem almennt eru í boði hjá ríki og félagsamtökum.

5.2. Fræðsla til almennings um heimilisofbeldi

a. Upplýsingaefni um ofbeldi gegn konum

Á vefsíðu Reykjavíkurborgar er að finna upplýsingar um ofbeldi gegn konum og hvert er hægt að leita til að fá upplýsingar og aðstoð. Upplýsingarnar eru á íslensku, ensku og pólsku. Þá er að finna upplýsingaefni um heimilisofbeldi á nokkrum íslenskum vefsíðum, þ.á.m. á vef velferðarsviðs, velferðarráðuneytisins og Kvennaathvarfsins.

Jafnréttisstofa gaf út árið 2014 bæklinginn *Réttur þinn: mikilvægar upplýsingar fyrri erlendar konur á Íslandi*. Í bæklingnum er að finna ýmsar upplýsingar varðandi íslenskt réttarkerfi og íslenskt samfélag og hefur hann m.a. að geyma upplýsingar um ofbeldi í nánnum samböndum og hvert sé hægt að leita eftir aðstoð. Bæklingurinn er til á íslensku, ensku, pólsku, spænsku, tælensku, rússnesku og arabísku og er rafræn útgáfa hans aðgengileg á vefsvæði Jafnréttisstofu. Ráðgjafar mannréttindaskrifstofu hafa dreift bæklingnum til skjólstaðinga sinna af erlendum uppruna og á allar þjónustumiðstöðvar í Reykjavík.

Kvennaathvarfið hefur gefið út 43 bls. bækling, *Ofbeldi gegn konum*, þar sem farið er ítarlega í heimilisofbeldi, birtingamyndir þess, áhrif og afleiðingar. Birtar eru reynslusögur og reynt að svara algengum spurningum um ofbeldi gegn konum. Bæklingurinn er aðeins til á íslensku og er ekki aðgengilegur á vef Kvennaathvarfsins en unnt er að óska eftir honum.

Velferðarráðuneytið hefur endurútféið neyðarkort sem voru upphaflega gefin út af samráðsnefnd sem hafði með höndum að hrinda í framkvæmd aðgerðaáætlun ríkisstjórnarinnar frá árinu 2006 vegna ofbeldis gegn konum í nánnum samböndum. Um er að ræða lítið og handhægt kort með fyrrsögninni; „*Við hjálpum*“. Kortið er á fimm tungumálum; íslensku, ensku, pólsku, rússnesku og taílensku. Kortinu er ætlað að leiðbeina konum sem þurfa aðstoð vegna ofbeldis á heimili eða kynferðislegs ofbeldis um hvar þær geta leitað sér hjálpar. Kortinu hefur m.a. verið dreift á þjónustumiðstöðvar Reykjavíkurborgar. Almenn ánægja er með neyðarkortin m.a. vegna þess að það er auðvelt að lauma þeim að þolanda.

b. Upplýsingaefni um ofbeldi í samböndum

Kvennaathvarfið hefur gefið út bæklinginn *Ofbeldi í samböndum* en hann er sérstaklega ætlaður fólki á framhaldsskólaaldri. Í bæklingnum er einkennum ofbeldissambands lýst. Auk þess er þar að finna svokallaða mannréttindayfirlýsingu stefnumóta og texta um réttindi og skyldur fólks í samböndum. Bæklingurinn er í hefðbundnu bæklingabroti og er aðeins til á íslensku. Bæklingurinn er aðgengilegur í rafrænni útgáfu á vef Kvennaathvarfsins.

c. Upplýsingaefni um börn/ fyrir börn sem búa við heimilisofbeldi

Bæklingurinn *Börn sem búa við ofbeldi á heimilum* greinir frá áhrifum heimilisofbeldis á börn á mismunandi aldri og hvað vert er að hafa í huga við slíkar aðstæður. Bæklingurinn er í A5 stærð og er einnig til á ensku. Báðir bæklingarnir eru aðgengilegir í rafrænni útgáfu á vef Kvennaathvarfsins.

Reykjavíkurborg gaf út bæklinginn *Við og börnin okkar* í tengslum við aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum. Bæklingurinn inniheldur upplýsingar til foreldra um barnauppedi, foreldrahlutverkið og annað sem viðkemur skyldum foreldra og réttindum barna. Bæklingurinn er til á íslensku, ensku, pólsku, filippseysku og rússnesku. Hann er aðgengilegur í rafrænni útgáfu á vefsvæði Reykjavíkurborgar og hefur honum m.a. verið dreift á allar þjónustumiðstöðvar í Reykjavík, á heilsugæslustöðvar o.s.frv.

6. Konur af erlendum uppruna

6.1. Tölfræði

Ekki eru tiltækar upplýsingar um fjölda kvenna af erlendum uppruna sem orðið hafa fyrir heimilisofbeldi. Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu er ekki sérstaklega haldið utan um upplýsingar um fjölda tilkynninga til lögreglu vegna ofbeldis gagnvart konum af erlendum uppruna. Ekki liggja fyrir tölfræðilegar upplýsingar um fjölda kvenna af erlendum uppruna sem leitað hafa til þjónustumiðstöðva velferðarsviðs vegna heimilisofbeldis. Svo virðist að af þeim tilkynningum sem bárust til Barnaverndar frá lögreglu vegna 54 barna hafi 22 þeirra barna verið af erlendum uppruna.

Í rannsókn Hildar Guðmundsdóttur um upplifun og aðstæður erlendra kvenna sem leita til Kvennaathvarfsins frá árinu 2012 kemur fram á tímabilinu júní 2009 til apríl 2012 hafi 165 konur af erlendum uppruna leitað til Kvennaathvarfsins vegna ofbeldis. Á sama tímabili leituðu 180 íslenskar konur til Kvennaathvarfsins. Af þeim konum af erlendum uppruna sem leituðu til Kvennaathvarfsins komu 130 konur vegna ofbeldis í nánnum samböndum. Þar af voru 73 konur frá löndum utan EES en 57 frá löndum innan EES. Þolendur ofbeldis af hálfu ættingja voru 11 á tímabilinu en svo virðist sem ættingjar hafi í öllum tilfellum verið fullorðnir einstaklingar, þ.e. yfir 18 ára aldri. Samkvæmt rannsókninni voru konur af erlendum uppruna um og yfir helmingur allra dvalarkvenna í Kvennaathvarfinu frá árinu 2007¹¹.

6.2. Staða kvenna af erlendum uppruna sem verða fyrir ofbeldi

Hildur Guðmundsdóttir, mannfræðingur og vaktstýra Kvennaathvarfsins hefur gert tvær rannsóknir um stöðu erlendra kvenna sem leitað hafa til Kvennaathvarfsins vegna ofbeldis í nánnum samböndum. Sú fyrri er frá 2009 og lýtur að aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leituðu í Kvennaathvarf vegna ofbeldisfulls maka. Í seinni rannsókninni, sem er frá 2012, er upplifun erlendra kvenna af þjónustu Kvennaathvarfsins skoðuð. Einnig hvort aðstæður kvenna af erlendum uppruna, ekki síst kvenna sem koma frá löndum utan EES-svæðisins, leiði til þess að þær fari oftast heim í óbreytt ástand eftir dvöl í Kvennaathvarfinu en íslenskar konur. Niðurstöður rannsóknarinnar bentu til þess að konur, sem kæmu frá löndum utan EES-svæðisins, færu frekar heim í óbreytt ástand en aðrar konur

¹¹ Hildur Guðmundsdóttir (2012). „Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum“: Hvert fara konur af erlendum uppruna eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?: Hvað segja þær um þjónustuna? Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf.

sem leituðu aðstoðar Kvennaathvarfsins og að líklega mætti rekja orsakir þess til réttarstöðu kvennanna í tengslum við dvalarleyfi.

Í rannsókn Hildar Guðmundsdóttur frá árinu 2012 kemur fram að dagbókarfærslur leiði í ljós að margar konur hafi áhyggjur af eigin framfærslu og/eða barna sinna ef til sambúðarslita kæmi. Þá kemur fram að hluti þeirra kvenna, sem koma frá löndum utan EES, höfðu áhyggjur af því að missa dvalar- og atvinnuleyfi sitt á Íslandi ef þær ákvæðu að fara frá maka sínum og að nokkrar þeirra hafi farið heim í óbreytt ástand einungis vegna ótta við að missa dvalarleyfi sitt¹².

Í rannsókn Hildar Guðmundsdóttur frá árinu 2009 kemur fram að konur af erlendum uppruna vita oft ekki af þeim leiðum sem þeim eru færar og að mikilvægt sé að afla áverkavottorðs eða kalla til lögreglu verði þær fyrir líkamlegu ofbeldi af hálfu skyldra eða tengdra. Þá kemur fram að húsnæðisekla og hátt leiguverð valdi konunum erfiðleikum við skilnað enda voru þær flestar í láglounastörfum. Eins hafi færast konurnar efni á að ráða sér lögfræðinga til að sjá um sín mál. Rannsóknin sýnir ennfremur að ástæða er til að huga sérstaklega að börnum erlendra kvenna sem verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum¹³.

Ráðgjafar mannréttindaskrifstofu við innflytjendur hafa fengið inn á borð til sín nokkur mál þar sem karlmaður af erlendum uppruna var beittur heimilisofbeldi. Mikilvægt er að karlkyns þolendur ofbeldis séu einnig hvattir til að leita sér aðstoðar og að skoðuð verði hvort þörf sé á sérstökum aðgerðum fyrir karlkyns þolendur ofbeldis sem jafnframt eru af erlendum uppruna.

6.3. Þjónusta Reykjavíkurborgar við konur af erlendum uppruna

Í rannsókn Hildar Guðmundsdóttur frá árinu 2012 kemur fram að tæpur helmingur dvalarkvenna á rannsóknartímabilinu hafi notið aðstoðar félagsþjónustu sveitarfélaganna en tölfraðilegar upplýsingar eru ekki sérgreindar fyrir Reykjavík. Þá er einnig tekið fram að góð samvinna sé á milli velferðarsviðs Reykjavíkurborgar og Kvennaathvarfsins í þessum málum¹⁴.

Borgarþúum af erlendum uppruna býðst ókeypis aðstoð tólks í viðtölum við ráðgjafa þjónustumiðstöðva ef þess er óskað.

Mannréttindaskrifstofa starfrækir ráðgjafaþjónustu fyrir innflytjendur. Tveir ráðgjafar sinna ráðgjöfinni sem getur farið fram á íslensku, ensku eða pólsku. Boðið er upp á ókeypis þjónustu tólks ef fyrirspyrjandi talar önnur tungumál.

6.4. Þörf á úrbótum vegna stöðu erlendra kvenna

Í samtali við starfskonu Kvennaathvarfs kom fram að löng bið væri oft eftir viðtalstíma hjá ráðgjafa, allt upp í þrjár vikur.

Þegar konur búa með ofbeldismanni og vilja komast úr sambandinu er mikilvægt að bregðast skjótt við og veita þeim alla þá aðstoð sem hægt er, t.d getur verið í þeim aðstæðum mikilvægt að sækja um undanþágu frá skilyrðum fjárhagsaðstoðar strax í fyrsta ráðgjafartíma.

Þá var einnig kvartað yfir ósamræmi í afgreiðslu mála eftir því hvaða þjónustumiðstöð sæi um málið.

Einnig var bent á stöðu þeirra kvenna sem væru giftar eða skráðar í sambúð en væru að reyna að losna úr ofbeldissamböndum. Í þeim tilvikum væri mikilvægt að við mat, t.d. á

¹² Sama heimild.

¹³ Hildur Guðmundsdóttir (2009). „I don't know how I ended up here with this man“: Rannsókn á aðstæðum og upplifun kvenna af erlendum uppruna sem leita í Kvennaathvarfið. Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf.

¹⁴ Hildur Guðmundsdóttir (2012). „Erfitt að vera ein og líka erfitt að vera með honum“: Hvert fara konur af erlendum uppruna eftir dvöl í Kvennaathvarfinu?: Hvað segja þær um þjónustuna? Reykjavík: Samtök um Kvennaathvarf.

þörf fyrir fjárhagsaðstoð, væri ekki tekið mið af tekjum maka en til þess þarf undanþágu frá skilyrðum fjárhagsaðstoðar.

Eins taldi starfskona Kvennaathvarfs að ekki væru fyrir hendi nægileg úrræði til að aðstoða þolendur ofbeldis. Tekið var fram að erlendar konur þyrftu oft mikla aðstoð og meiri en félagsráðgjafar gætu sinnt, t.d. þyrftu þær oft á tíðum fylgd til sýslumanns sem býður ekki upp á túlkabjónustu.

Þá vilja sumar erlendar konur ekki nýta sér félagsþjónustu þar sem slík þjónusta geti haft neikvæð áhrif á umsókn þeirra um dvalarleyfi. Starfsmaður Kvennaathvarfs minntist einnig á það að sumar kvennanna hefðu ekki efni á að greiða fyrir áverkavottorð hjá Neyðarmóttöku.

Ráðgjafar mannréttindaskrifstofu við innflytjendur bentu einnig á erfiða stöðu erlendra kvenna sem hefðu lítið sem ekkert tengslanet hér á landi.

7. Fatlaðar konur

Við undirbúning verkefnisins kom í ljós mikilvægi þess að beina sjónum sérstaklega að fötluðum og því ofbeldi sem þeir verða fyrir. Búseta fatlaðs fólks er fjölbreytt, sumir búa á eigin heimilum en aðrir búa á heimilum sem eru rekin af Reykjavíkurborg. Þess vegna er mikilvægt að skilgreining Reykjavíkurborgar á heimilisofbeldi nái einnig til þeirra heimila sem Reykjavíkurborg rekur. Mikilvægt er að hafa í huga að ofbeldið getur bæði verið af hendi þeirra sem búa á sama heimili, t.d. á sambyllum, skammtímavistunum eða í öðrum búsetukjörnum Reykjavíkurborgar, og eins geta þeir sem starfa á þessum heimilum verið gerendur ofbeldisins.

Til þess að fá betri innsýn inn í málaflökkinn var rætt við Helgu Baldvins- og Bjargardóttur, sérfræðing í kynferðisofbeldismálum fatlaðs fólks hjá Stígamótum. Í samtali við hana kom fram að mikilvægt væri að hafa í huga að í daglegu lífi fatlaðs fólks hafa fleiri möguleika á að beita ofbeldi en í lífi ófatlaðra. Við undirbúning þessa verkefnis var jafnframt rætt við Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur og Freyju Haraldsdóttur sem vinna að Evrópurannsókn um ofbeldi gegn fötluðu fólki. Þá var rætt við fulltrúa frá þjónustumiðstöð Laugardals, Háaleitis og Bústaða.

7.1. Fatlaðar konur eru líklegri en aðrir hópar í samfélaginu til að verða fyrir ofbeldi

Samkvæmt skýrslu sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið¹⁵ sýna rannsóknir að fatlaðar konur eru líklegri en aðrir hópar í samfélaginu til að verða fyrir ofbeldi, bæði vegna skerðinganna sem þær búa við og vegna stöðu þeirra í samfélaginu. Í skýrslunni kemur fram að ríflega þriðjungur fatlaðra kvenna hefur verið beittur líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi í nánú sambandi samanborið við 21% ófatlaðra kvenna. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að rannsóknir á umfangi ofbeldis í nánú samböndum gefi til kynna að fatlaðar konur séu líklegri til að verða fyrir ofbeldi af hálfu maka en aðrar konur. Skerðingar kvennanna kunna að koma í veg fyrir að konurnar geti varið sig og tjáskiptaörðugleikar geta leitt til þess að þær eigi erfitt með að sýna reiði og stöðva ofbeldisfullar aðstæður.

¹⁵ Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands og Rannsóknarsetur í fötlunarfræðum (2013). „Ofbeldi gegn fötluðum konum“. Skýrsla unnin fyrir velferðarráðuneytið. Reykjavík: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.

7.2. Skert aðgengi að stuðningi og fræðslu

Í skýrslunni er greint frá rannsókn sem unnin var fyrir velferðarráðuneytið¹⁶ þar sem rætt var við fatlaðar konur sem höfðu verið þolendur heimilisofbeldis. Konurnar lýstu litlum viðbrögðum nærumhverfisins þegar upp komst um ofbeldið og að þær hefðu ekki fengið nægan stuðning við að komast út úr ofbeldissamböndum. Í viðtölunum kom jafnframt fram að skortur væri á fræðslu til kvenna með þroskahömlun um einkenni heilbrigðs kynlífs og góðra parasambanda. Jafnframt höfðu fáar kvennanna fengið kynfræðslu.

Í samtali við Helgu Baldvins- og Bjargardóttur kom fram að verið sé að vinna stóra rannsókn á Íslandi um ofbeldi gegn fötluðum konum og að þar komi fram að sá stuðningur sem helst er kallað eftir felist í jafningjaráðgjöf þar sem fatlaðar konur telja sig mæta miklum fordómum í þeim stuðningsúrræðum sem þeim stendur til boða.

Í samtali við Helgu kom jafnframt fram að til þess að bæta aðgengi fatlaðra kvenna að stuðningsúrræðum þurfi að bæta aðgengi á þrenns konar hátt; 1. Húsnæði þurfi að vera aðgengilegt, 2. Upplýsingar þurfi að vera aðgengilegar (t.d. á punktalettri, auðskildu máli o.s.frv.) 3. Aðgengi að tálkaþjónustu þurfi að vera tryggt.

Í samtali við Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur og Freyju Haraldsdóttur kom fram að kynfræðslu fyrir fólk með þroskahömlun væri ábótavant. Mikilvægt væri að viðurkenna að fólk með þroskahömlun væri kynverur og að kynhneigðir þess gætu verið jafn fjölbreyttar og annarra.

7.3. Fatlaðar konur búa oft á heimilum sem rekin eru af Reykjavíkurborg

Verið er að vinna skriflegan feril um viðbrögð við ofbeldi eða viðbrögð þegar grunur um ofbeldi vaknar eru til fyrir heimili á vegum Reykjavíkurborgar, vinnustaði, dagþjónustu eða aðra staði þar sem fatlað fólk ver tíma sínum. Þörf er á skýrum verklagsreglum varðandi mál þar sem ofbeldi er framið eða þegar grunur vaknar um ofbeldi af hálfu starfsfólks Reykjavíkurborgar gagnvart fötluðu fólki. Þá er þörf á verklagsreglum þegar grunur vaknar um brot fatlaðs fólks gegn öðru fötluðu fólki eða þar sem fatlað fólk brýtur gegn öðru fötluðu fólki.

Nokkrar þeirra kvenna sem rætt var við í rannsókninni fyrir velferðarráðuneytið og höfðu búið á sambýlum eða í sjálfstæðri búsetu með stuðningi, lýstu því að hafa orðið fyrir ofbeldi af hálfu sambýlisfólks eða starfsfólks stofnana. Ofbeldið var oftast líkamlegt en einnig komu fram lýsingar á andlegu og kynferðislegu ofbeldi. Mörgum kvennanna fannst vinnureglur á sambýlum og öðrum stofnunum jafnframt vega að sjálfstæði sínu og sjálfræði. Í niðurstöðum skýrslu velferðarráðuneytisins er greint frá því að starfsfólk sambýla hafi oft á tíðum mikil áhrif á daglegt líf fatlaðs fólks og að endurskoða þurfi þá búsetumöguleika sem fötluðu fólki standa til boða. Þetta þurfi að gera með sjálfræði fatlaðs fólks að leiðarljósi. Í samtali við Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur og Freyju Haraldsdóttur kom jafnframt fram tillaga um að greint væri, í samvinnu við fatlaðar konur, hvernig hægt væri að búa til umhverfi sem dregur úr hættu á heimilisofbeldi. Einnig kom fram að mikilvægt væri að starfsfólk væri meðvitað um að margt fatlað fólk hafi orðið fyrir ofbeldi í gegnum tíðina og að mikilvægt væri að viðbrögð starfsfólks tæki mið af því.

¹⁶ Sama heimild.

B. ÁTAK GEGN OFBELDI Í REYKJAVÍK

1. Markmið verkefnisins

- Að gefa skýr skilaboð um að heimilisofbeldi verði ekki liðið.
- Að veita þolendum og gerendum heimilisofbeldis betri þjónustu.
- Að efla traust þolanda, og eftir atvikum gerenda, á því að stjórnvöld muni veita aðstoð við að binda enda á ofbeldið.
- Að auka samráð og samvinnu aðila sem vinna með málaflokkinn.
- Að efla og samræma úrvinnslu mála.
- Að bæta tölfræðiupplýsingar um ofbeldi.
- Að bæta þjónustu við konur af erlendum uppruna sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.
- Að bæta þjónustu við fatlaðar konur sem hafa orðið fyrir heimilisofbeldi.
- Að auka þekkingu á málaflokkinum og hvetja til opinberrar umræðu um það samfélagsmeið sem heimilisofbeldi er.

2. Ávinningur af verkefninu

Eins og segir í aðgerðaráætlun Reykjavíkurborgar gegn kynbundnu ofbeldi og ofbeldi gegn börnum þá getur kynbundið ofbeldi haft alvarlegar sálrænar, félagslegar, líkamlegar og heilsufarslegar afleiðingar bæði til skamms og langs tíma. Alþjóðaheilbrigðisstofnunin hefur listað upp margvíslegar afleiðingar kynbundins ofbeldis. Það er vitað að heilsufarslegar afleiðingar þess að búa við heimilisofbeldi er miklar; líkamlegir verkir, aukin tíðni veikinda, þunglyndi, áfallastreituröskun, svefnerfiðleikar, andlegir sjúkdómar, aukin tíðni sjálfsvígstílauna og sjálfsvíga og áfengis- og fíkniefnamisnotkun.

Fram kom í skýrslu sem Barnaheill gaf út árið 2011 og fjallar um börn sem verða fyrir heimilisofbeldi eða búa við það að jafnvel þótt börn verði ekki sjálf fyrir líkamlegu ofbeldi er þeim afar skaðlegt að búa við aðstæður þar sem foreldri er beitt ofbeldi.

Kostnaður íslensks samfélags vegna ofbeldis hefur ekki verið reiknaður út og því er erfitt að meta fjárhagslegan ávinning þess að koma í veg fyrir það. Hins vegar er auðvelt að setja sér fyrir sjónir að það kostar samfélagið gífurlegar fjárhæðir að takast á við afleiðingar ofbeldis.

3. Tillögur að aðgerðum

Eftirfarandi aðgerðir snúa að verkefnum Reykjavíkurborgar í því átaksverkefni sem samþykkt var í borgarstjórn. Sýndur er áætlaður kostnaður til eins árs.

3.1. Aukið samstarf

Markmið:

- Að efla úrvinnslu mála með aukinni samvinnu m.a. við lögregluna, sem miðar að því að taka málin föstum tókum í upphafi.
- Að gefa skýr skilaboð um að stjórnvöld muni beita öllum úrræðum til að uppræta heimilisofbeldi.

Eitt af lykilatriðum Suðurnesjaverkefnisins er að bakvaktarstarfsmaður velferðarþjónustunnar fylgir lögreglu í útköll þegar tilkynning um heimilisofbeldi berst. Hlutverk starfsmannsins er að veita þolanda fyrstu aðstoð auk þess sem þolanda er tilkynnt að málinu verði fylgt eftir með símtali frá ráðgjafa og heimsókn lögreglu og ráðgjafa á heimili. Þolanda er í kjölfarið boðin félagsleg ráðgjöf og geranda í sumum tilvikum meðferð.

Aðgerð 1	
Sérfræðingur fylgir lögreglu í útköll vegna ofbeldis á heimilum og í eftirfylgnisheimsókn	
<p>Sett verði á fót bakvakt á vegum þjónustumiðstöðva velferðarsviðs sem fylgi lögreglu í útköll vegna ofbeldis á heimilum og í eftirfylgnisheimsókn í öllum þeim tilfellum sem barn er á heimili eða skráð til heimilis og í þeim tilvikum sem heimilisfólk þiggur að ráðgjafi komi. Bakvaktin starfi í umboði Barnaverndar. Stuðst verður við skilgreiningu lögreglu á ofbeldi við afmörkun þeirra mála sem ráðgjafarnir sinna. Áætlað er að útköll verði 152 á árinu 2015, sjá fylgiskjal 1.</p>	
<p>Þegar tilkynning um ofbeldi á heimili sem barn er skráð eða vitað að er viðstatt komi fulltrúi Barnaverndar einnig á heimilið, ef það er mat Barnaverndar að þörf sé á því. Í öllum tilfellum tilkynni lögregla atvikið til Barnaverndar.</p>	
<p>Ef barn er ekki á heimili eða skráð til heimilis þar sem ofbeldi er tilkynnt er þolandi spurður hvort kalla megí til sérfræðing velferðarþjónustunnar.</p>	
<p>Starfssvið ráðgjafa er að veita fyrstu aðstoð sem felur m.a. í sér að fylgja þolanda til lækni og hvetja þolanda til að fá áverkavottorð, koma fjölskyldunni í öruggt skjól eða finna húsnæði fyrir meintan geranda ef þörf er á. Þá sér sérfræðingurinn um að vísa þolanda til ráðgjafar hjá þjónustumiðstöð í því hverfi þar sem þolandi á lögheimili og er ráðgjafa til aðstoðar við að vinna með málið. Sérfræðingur gerir skýrslu eða tekur saman upplýsingar um málið og sendir á þjónustumiðstöð sem fylgir því eftir.</p>	
<p>Ráðgjafi velferðarþjónustu hefur samband við þolanda innan fjögurra virkra daga og býður þolanda upp á viðtal.</p>	
<p>Tilgangur eftirfylgnisheimsókna er m.a. að kanna hvort aðstæður hafi breyst, hvort ofbeldið sé viðvarandi og til að minna aftur á þá aðstoð sem er í boði.</p>	
<p>Kallaður verði til túlkur ef þess er þörf.</p>	
Abyrgðaraðili:	Velferðarsvið.

Samstarfsaðilar:	Barnavernd, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, ráðgjafapjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	1. janúar 2015 – 1. janúar 2016.
Kostnaður:	17.462.416 sjá fylgiskjal 2.

Aðgerð 2	
Reglulegir samráðsfundir	
Stýrihópur verkefnisins, sjá aðgerð 23, mun eiga með sér náð samstarf auk þess sem hópurinn ber ábyrgð á að eiga samstarf við grasrótarsamtök, fræðasamfélagið og önnur sveitarfélög.	
Ábyrgðaraðili:	Stýrihópur verkefnisins.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, mannréttindaskrifstofa.
Tímarammi:	1. janúar 2015 – 1. janúar 2016.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 3	
Samstarf við lögreglu um dreifingu upplýsingaefnis um ofbeldi	
Verkefnið verður nánar útfært í samvinnu við Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	1. janúar 2015 – 1. janúar 2016.
Kostnaður:	Vinnuframlag (sjá kostnað við árveknisátak).

Aðgerð 4	
Samstarf við lögregluskólann	
Samstarf við lögregluskólann um að tekin sé upp fræðsla til nemanda í skólanum um ofbeldi, afleiðingar þess og úrræði.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu
Tímarammi:	1. janúar 2015 – 1. janúar 2016.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

3.2. Betri þjónusta

Markmið:

- Að veita þolanda og gerenda betri þjónustu og markvissari aðstoð við að binda enda á ofbeldið.
- Að tryggja rétt þolenda til félagslegrar ráðgjafar og aðstoðar sem nauðsynleg er til að þolandi geti losað sig undan ofbeldinu eða tekist á við það á annan hátt.

Þörf er á að skilgreina og samræma verklag þeirra sem vinna með málaflökkinn. Mikilvægt er að heimilisofbeldismál verði skilgreind sem forgangsmál og að þolandi ofbeldis fái tíma hjá ráðgjafa eins fljótt og auðið er og ekki seinna en innan viku. Leggja þarf áherslu á skjóta meðferð mála þar sem markmiðið er að veita þolanda og gerenda nauðsynlega aðstoð. Í því skyni þarf að kanna hvort þörf sé á matskenndum undanþáguheimildum frá skilyrðum til fjárhagsaðstoðar vegna heimilisofbeldis. Þá er lögð áhersla á að allir þeir sem leiti til velferðarþjónustunnar vegna heimilisofbeldis fái félagslega ráðgjöf og handleiðslu þar sem allra leiða er leitað til þess að aðstoða viðkomandi.

Aðgerð 5	
Markviss ráðgjöf til þolanda og gerenda	
Öllum þolendum og gerendum heimilisofbeldis verði boðið upp á skipulagða félagslega ráðgjöf hjá félagsráðgjafa þjónustumiðstöðvar. Áhersla verði lögð á að biðtími eftir ráðgjöf verði stuttur og að málið verði skilgreint sem forgangsmál.	
Ábyrgðaraðili:	Velferðarsvið
Samstarfsaðilar:	Ráðgjafarþjónusta mannréttindaskrifstofu til innflytjenda.
Tímarammi:	1. janúar 2015 – 1. janúar 2016.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 6	
Að tryggja þeim sem þurfa rétt til fjárhagsaðstoðar og stytta málsmeðferðartíma	
Farið verði yfir reglur félagsþjónustunnar um rétt til fjárhagsaðstoðar í því augnamiði að veita öllum þeim þolendum ofbeldis sem þess þurfa, þá aðstoð sem nauðsynleg þykir. Sérstaklega verði skoðaðar undanþáguheimildir og málsmeðferð í þeim tilvikum þegar þolandi er giftur eða skráður í sambúð með ofbeldisaðilanum. Stýrihópurinn skili inn tillögum að breytingum til velferðarsviðs og velferðarráðs ef þurfa þykir.	
Ábyrgðaraðili:	Stýrihópur verkefnisins.
Samstarfsaðilar:	Velferðarsvið.
Tímarammi:	Tillaga verði lögð fram 1. febrúar 2015.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 7	
Að þolandi og gerandi ofbeldis fái aðstoð eins fljótt og auðið er	

Breytt og bætt þjónusta kallar á aukið vinnuframlag á þjónustumiðstöðum fyrir utan sjálft útkallið.	
Ábyrgðaraðili:	Velferðarsvið.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	20.370.000, sjá fylgiskjal 3.

3.3. Bætt verklag

Markmið:

- Að stefna Reykjavíkurborgar um að leita allra leiða til að uppræta heimilisofbeldi verði sýnileg í þjónustu og aðstoð Reykjavíkurborgar við þolendur og eftir atvikum gerendur heimilisofbeldis.
- Að þjónusta verði samræmd og að skýrt verði hvernig taka beri á málunum.

Þörf er á að samræma úrvinnslu mála meðal ráðgjafa þjónustumiðstöðva. Brýnt er að starfsfólk fái, auk fræðslu, leiðbeiningar- og verklagsreglur til að styðjast við.

Þolendur heimilisofbeldis leita öllu fremur til félagsþjónustunnar til að fá lausn á hagnýtum málum en sjaldnar til þess að fá ráðgjöf sem snerta heimilisofbeldið sem slíkt. Skipuleg skimun auðveldar ráðgjöfum að bera kennsl á hvort heimilisofbeldi sé til staðar og í kjölfarið bregðast við á viðeigandi hátt. Brýnt er að ráðgjafar á þjónustumiðstöðvum beiti skipulegri skimun eftir ofbeldi og fái til þess þjálfun og stuðning.

Lagt er til að unnin verði ítarleg greining á málaflökkinum á meðan á áttakinu stendur. Í því felist m.a. að mál verði skráð með skipulegum hætti, að eftirlit sé haft með skráningu mála og að reglulega sé farið yfir það hvort skráning hafi verið rétt. Þá sé haldið utan um tölfræði um málaflökkinn.

Aðgerð 8	
Skýr stefna og samræmd viðbrögð í heimilisofbeldismálum	
Unnar verði leiðbeiningar- og verklagsreglur fyrir starfsfólk velferðarþjónustunnar sem vinnur með málaflökkinn.	
Ábyrgðaraðili:	Stýrihópur verkefnisins.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, ráðgjafaþjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	Tillaga verði lögð fram 1. febrúar 2015.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 9	
Eftirfylgni með skimun eftir heimilisofbeldi	

Tryggt verði að skimað verði markvisst eftir heimilisofbeldi á öllum þjónustumiðstöðvum Reykjavíkurborgar og Barnavernd. Starfsfólk fái þjálfun í að beita aðferðum skimunar.

Ábyrgðaraðili:	Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, Ráðgjafaþjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	Viðvarandi.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 10

Bætt skráning og greining mála

Málaskrá ráðgjafa hjá þjónustumiðstöðvum verði breytt á þá leið að unnt verði að skrá heimilisofbeldismál sérstaklega. Ráðgjafar þjónustumiðstöðva skrái heimilisofbeldismál með skipulögðum hætti og að unnin verði tölfræðileg greining á málaflokkinum. Skoðað verði m.a. afdrif málaanna innan kerfisins þ.á.m. hvaða úrræði þolendur og eftir atvikum gerendur hafa þegið.

Ábyrgðaraðili:	Skrifstofa velferðarsviðs/þjónustumiðstöðvar.
Samstarfsaðilar:	Ráðgjafaþjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	Janúar 2015.
Kostnaður:	1.500.000. (100 tímar á 15.000 kr. skv. upplýsingum frá upplýsinga- og tæknideild).

3.4. Þekkingarmiðlun

Markmið:

- Að fagfólk sem starfar í málaflokkinum fái fræðslu og stuðning við að þekkja einkenni heimilisofbeldis og bæta færni til að bregðast við ofeldismálum.
- Að stuðla að virkara samráði og þverfaglegri þekkingarmiðlun.

Aðgerð 11

Fræðsla fyrir starfsfólk um stefnu, verklag og rétt viðbrögð

Fræðsla verði fyrir ráðgjafa þjónustumiðstöðva og starfsfólk Barnaverndar um stefnu, og nýtt verklag í málaflokkinum. Fræðslan skal vera hluti af símenntun starfsfólks (skyldumæting).

Ábyrgðaraðili:	Velferðarsvið.
Samstarfsaðilar:	Mannréttindaskrifstofa.
Tímarammi:	Viðvarandi.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 12	
Þverfagleg fræðsla og samráð	
Fræðsla verði fyrir ráðgjafa þjónustumiðstöðva og starfsfólk Barnaverndar, starfsfólk heilsugæslunnar, starfsfólk skóla og leikskóla og Lögregluna í Reykjavík um heimilisofbeldi, einkenni þess og úrræði. Boðið verður upp á námskeið í hverri þjónustumiðstöð. Fræðslan verði einnig hugsuð sem samráðsvettvangur þeirra aðila sem hafa aðkomu að heimilisofbeldismálum í hverju hverfi. Stefnt verði að því að þessar aðilar þekki starfsemi og verklag hvers annars og að hvatt verði til samræðna og samráðs.	
Ábyrgðaraðili:	Velferðarsvið/Þjónustumiðstöðvar.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu, mannréttindaskrifstofa.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 13	
Árveknisátak um heimilisofbeldi	
Ráðist verði í auglýsingaherferð þar sem athygli er vakin á heimilisofbeldi, einkennum þess og afleiðingum og bæði þolendur og gerendur verði hvattir til að leita sér aðstoðar. M.a. verða sett upp veggspjöld, birtar auglýsingar og skrifaðar blaðgreinar.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri.
Samstarfsaðilar:	Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	4.000.000, sjá fylgiskjal 4.

Aðgerð 14	
Bætt upplýsingagjöf á vefsíðum borgarinnar	
Upplýsingagjöf á vefsíðum borgarinnar sem varða heimilisofbeldi verði yfirfarnar og uppfærðar.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri.
Samstarfsaðilar:	Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

3.5. Sérstakar aðgerðir vegna stöðu erlendra kvenna

Markmið:

- Að efla þjónustu við konur af erlendum uppruna og auka upplýsingagjöf til þeirra um einkenni heimilisofbeldis, úrræði og rétt til aðstoðar.
- Að auka stuðning velferðarþjónustunnar við konur af erlendum uppruna sem jafnframt eru þolendur heimilisofbeldis.

Þörf er á því að upplýsa konur af erlendum uppruna um réttindi þeirra í íslensku samfélagi. Upplýsa verður konurnar um að þær geti sótt ráðgjöf og stuðning til þjónustumiðstöðva og að þær geti sótt um húsaleigubætur/sérstakar húsaleigubætur án þess að eiga á hættu að missa dvalarleyfi þrátt fyrir að slík aðstoð kunní að hafa áhrif á veitingu ríkisborgararéttar. Eins og regluverkið er nú eiga þær hins vegar á hættu að missa dvalarleyfi fái þær fjárhagsaðstoð. Yfirfara þarf regluverk varðandi rétt til fjárhagsaðstoðar til að kanna hvort þörf sé á úrbótum í því augnamiði að þeim konum, sem þess þurfa, verði veitt nauðsynleg aðstoð, þar sem m.a. verði skoðað hvort þörf sé á matskenndum undanþáguheimildum. Þá er brýnt að skoða hvernig efla megi stuðningsúrræði fyrir konur af erlendum uppruna sem beittar hafa verið heimilisofbeldi.

Aðgerð 15	
Túlkajónusta fyrir þolendur og gerendur	
Búist er við fjölgun mála á meðan á áttakinu stendur. Tryggja þarf nægilegt fjármagn fyrir túlkajónustu við þolendur og gerendur.	
Ábyrgðaraðili:	Velferðarsvið.
Samstarfsaðilar :	Ráðgjafajónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	1.337.500 sjá fylgiskjal 5.

Aðgerð 16	
Bæklingur um heimilisofbeldi ætlaður innflytjendum	
Skoðað verði hvernig flétta megi upplýsingum um heimilisofbeldi og þá þjónustu sem er í boði við annað upplýsingaefni ætlað innflytjendum.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri
Samstarfsaðilar	Jafnréttisstofa, Kvennaathvarfið, ráðgjafajónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	Vinnuframlag og kostnaður sem er tilgreindur í árveknisátaki.

Aðgerð 17**Dreifing upplýsingaefnis um heimilisofbeldi**

Leitað verði leiða til að auka aðgengi að upplýsingabæklingum um heimilisofbeldi gegn konum af erlendum uppruna. Í því felst m.a. að bæklingar verði sýnilegir og aðgengilegir á þjónustumiðstöðvum og að barnaverndarstarfsmenn afhendi þolanda bæklinga þegar slíkt á við. Leitast verði eftir samstarfi við Lögregluna í Reykjavík, Útlendingastofnun, heilbrigðisþjónustuna og aðra aðila við útbreiðslu upplýsingaefnis.

Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri
Samstarfsaðilar:	Ráðgjafaþjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur, Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 18**Samstarf um upplýsingagjöf**

Samstarf við félagasamtök sem vinna með innflytjendum, áttthagafélög innflytjenda og trúfélög um dreifingu upplýsinga um heimilisofbeldi og kynningu á ráðgjafaþjónustu Reykjavíkurborgar við innflytjendur.

Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri.
Samstarfsaðilar:	Ráðgjafaþjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur, þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur.
Tímarammi:	Á meðan á áttakinu stendur.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 19**Sérstakar verklags- og leiðbeiningarreglur varðandi þjónustu við konur af erlendum uppruna**

Athuga þarf verklags- og leiðbeiningarreglur sérstaklega með tilliti til aðstæðna erlendra kvenna. Þær þurfa meiri handleiðslu og aðstoð en íslenskar konur.

Ábyrgðaraðili:	Stýrihópur verkefnisins.
Samstarfsaðilar:	Ráðgjafaþjónusta mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Tímarammi:	1. mars 2015.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 20**Fræðsla um stöðu erlendra kvenna sem búa við heimilisofbeldi**

Sérstök fræðsla fyrir ráðgjafa þjónustumiðstöðva, starfsfólk Barnaverndar og Lögregluna á höfuðborgarsvæðinu um stöðu erlendra kvenna sem verða fyrir ofbeldi í nánnum samböndum. Áhersla verði lögð á að efla fjölmenningsfærni starfsfólks.

Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri/Ráðgjafar
-----------------------	--

	mannréttindaskrifstofu við innflytjendur
Samstarfsaðilar	Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	1. janúar 2015 – 1. maí 2015.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 21	
Aukið samstarf við að kynna starfsemi sem miðar að því að efla félagslegt tengslanet kvenna af erlendum uppruna	
Kanna þarf hvernig unnt sé að kynna betur ýmsa starfsemi sem miðar að því að efla félagslegt tengslanet kvenna af erlendum uppruna, svo sem starfsemi WOMEN: samtaka kvenna af erlendum uppruna, sem veita m.a. jafningjaráðgjöf og starfsemi Borgarbókasafns Reykjavíkur með konum af erlendum uppruna.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa/Verkefnisstjóri/ Ráðgjafar mannréttindaskrifstofu við innflytjendur.
Samstarfsaðilar	Upplýsinga- og vefdeild.
Tímarammi:	1. nóvember 2014 – loka verkefni.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

3.6. Sérstakar aðgerðir vegna stöðu fatlaðra kvenna

Lagt er til að heimilisofbeldi gegn fötluðu fólki verði kannað með ítarlegum hætti vegna hárrar tíðni ofbeldis í garð fatlaðs fólks. Í því skyni verði myndaður starfshópur um átaksverkefni Reykjavíkurborgar gegn heimilisofbeldi. Hópnunum verði falið að leggja fram fyrir borgarráð tillögu að átaksverkefni gegn heimilisofbeldi gagnvart fötluðu fólki. Í samtali við Helgu Baldvins- og Bjargardóttur hjá Stígamótum sem og í samtali við Freyju Haraldsdóttur og Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur, kom fram að viðtækt samráð væri æskilegt í þessum efnum. Freyja og Embla nefndu til að mynda mikilvægi þess að fatlaðar konur væru hafðar með í ráðum að slíku átaksverkefni.

Aðgerð 22	
Að settur verði á fót starfshópur sem vinnur að útfærslu átaksverkefnisins sem snýr að ofbeldi gegn fötluðum konum/fötluðu fólki	
Vinnuhópurinn skili inn tillögum að aðgerðum ásamt verk- og kostnaðaráætlun til stýrihóps verkefnisins.	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa.
Samstarfsaðilar	Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	1. nóvember 2014 – loka verkefni.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

3.7. Stjórn verkefnisins

Aðgerð 23	
Skipaður verði stýrihópur sem stjórnir verkefninu og ber ábyrgð á framkvæmd þess	
<p>Í stýrihópnum eigi sæti tveir fulltrúar velferðarsviðs, fulltrúi Barnaverndar Reykjavíkur, fulltrúi Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu og fulltrúi mannréttindaskrifstofu. Meðal hlutverka stýrihóps er að eiga virkt samráð um framkvæmd verkefnisins.</p> <p>Stýrihópur haldi stærri samráðsfundi með ýmsum aðilum sem vinna gegn ofbeldi, svo sem Kvennaathvarfi, Stígamótum, fulltrúum heilsugæslunnar, fulltrúum skóla- og frístundasviðs, ráðgjöfum mannréttindaskrifstofu sem sinna ráðgjöf til borgarbúa af erlendum uppruna, fulltrúum annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem og öðrum aðilum sem stýrihópurinn telur þörf á að funda með vegna framkvæmdar verkefnisins.</p> <p>Hlutverk stýrihóps:</p> <ol style="list-style-type: none"> 1. Hafa umsjón með framkvæmd átaksverkefnisins. 2. Hafa umsjón með gerð leiðbeininga- og verklagsreglna fyrir starfsfólk, þjónustumiðstöðva og starfsmenn Barnaverndar. 3. Endurskoða reglur Reykjavíkurborgar um félagslega aðstoð í því augnamiði að kanna hvort unnt sé að koma betur til móts við þá þolendur ofbeldis í nánnum samböndum sem uppfylla ekki skilyrði fyrir úrræðum félagsþjónustunnar/Barnaverndar. Stýrihópurinn skilar inn tillögum að breytingu á reglum ef hann telur þess þörf. 4. Hafa umsjón með samráðsfundum og sameiginlegri þverfaglegri fræðslu. 5. Að kortleggja úrræði félagsþjónustunnar/Barnaverndar og kanna hvort þörf sé á nýjum úrræðum fyrir þolendur og gerendur. 	
Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa Reykjavíkurborgar.
Samstarfsaðilar:	Barnavernd Reykjavíkur, þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	1. janúar 2015 – loks verkefnis.
Kostnaður:	Vinnuframlag.

Aðgerð 24	
Ráðinn verði verkefnisstjóri í hálfra stöðu vegna verkefnisins	
<p>Hlutverk verkefnisstjóra er m.a. að bæta upplýsingagjöf á vefsíðum borgarinnar og til kvenna af erlendum uppruna, stýra árveknisátaki borgarinnar og sjá um þverfaglega fræðslu. Þá boðar verkefnisstjóri til funda stýrihóps, ritar fundargerðir og sér um önnur verkefni sem stýrihópur felur honum.</p>	

Ábyrgðaraðili:	Mannréttindaskrifstofa.
Samstarfsaðilar:	Þjónustumiðstöðvar velferðarsviðs, Barnavernd Reykjavíkur, Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu.
Tímarammi:	15. nóvember 2014 – 15. febrúar 2016.
Kostnaður:	6.300.000.

Heildarkostnaður: 50.969.916

Áætlaður fjöldi útkalla 2015

Áætlaður fjöldi útkalla sem þjónustumiðstöðvar þurfa að sinna vegna ofbeldismála árið 2015. Reiknuð er inn 23% aukning mála sem var raunin á Suðurnesjum.

	2012	2013	börn % af heild	2014-6 mán	2014 Áætlað	23% aukning	Áætlun 2015 með aukningu
Suðurnes:	43	56					
þar af börn þolendur eða gerendur		16	29				
Reykjavík:	161	155		87	174	40	214
þar af börn þolendur eða gerendur/áætlað		45	29		50	12	62

Áætlaður kostnaður vegna bakvakta.

Ár	2015
Bakvakt félagsráðgjafa	11.709.312
Útköll	5.753.104
Samtals	17.462.416

Forsendur

Gert er ráð fyrir að 1 félagsráðgjafi sér alltaf á bakvakt

214 mál þurfi að sinna á ári og fara 4 tíma í hvert mál. Yfirvinn yrði því 856 tímar

Félagsráðgjafi útbl 186

Átak gegn heimilisofbeldi í Reykjavík

Áætlaður kostnaður fyrir utan 4 tíma útkall

Áætlaður fjöldi mála á ári 214

Úrvinnsla og eftirfylgd:	Fjöldi klukkustunda
Skráning eða /skil	2
Eftirfylgd t.d. umsókn til áfrýjunarnefndar	1
Eftirfylgni heimsókn með lögreglu	3
Úrvinnsla úr eftirfylgniheimsókn	1
Stuðningur við brotþola	10
Viðtal við geranda/úrvinnsla/	3
Annað	1
Samtals	21

Fjöldi klukkustunda fyrir áætlaðan fjölda mála	4494
Fjöldi vinnuvikna	112,35
Fjöldi stöðugilda	2,1
Kostnaður	20.370.000

Hvert stöðugildi er 2080 kls.

Árveknisátak - útreikningur kostnaðar

Lógó og útlit herferðar	
Hönnun	70.199
Samtals	70.199
Veggspjöld fyrir veggstanda	
Hönnun og uppsetning	72.000
Prentun í veggstanda (28 stk.)	66.766
Akstur og dreifing	30.000
Samtals	168.766
Veggspjöld	
Hönnun og uppsetning	72.000
Prentun A2 og A3 (400 stk.)	160.910
Akstur og dreifing	30.000
Samtals	262.910
Neyðarkort fyrir gerendur	
Hönnun og uppsetning	53.696
Þýðingar	35.000
Prentun (1.000 stk.)	20.000
Akstur og dreifing	15.000
Samtals	123.696
Auglýsingar í fréttamiðlum	
Hönnun og uppsetning auglýsinga	55.000
Auglýsingar á forsíðu vefmiðils (14 dagar).	826.000
Auglýsingar á undirsíðu vefmiðils (14 dagar).	406.000
Auglýsing í prentuðu blaði (2. birtingar)	352.000
Auglýsing á ensku og pólsku í Grapevine (3. birtingar)	151.350
Þýðingar	15.000
Samtals	1.805.350
Átak á samfélagsmiðlum	
Hönnun og uppsetning	32.000
Auglýsingar á facebook	100.000
Þýðingar á auglýsingum	35.000
Samtals	167.000
Önnur birting auglýsinga	
Skjáauglýsingar í kvikmyndahúsum, hönnun og birting	942.079
Samtals	942.079
Bæklingar/ auglýsingaefni - erlendar konur	
Þýðingar	170.000
Grafísk hönnun og uppsetning á bæklingi	170.000
Prentun bæklinga	80.000
Prófarkalestur	40.000
Samtals	460.000

